

30.09

• **Öryggi** Öryggismál á nýjum tímum í Evrópu er heiti á fyrirlestri sem Chris Donnelly flytur á fundi Samtaka um vestræna samvinnu (SVS) og Varðbergs í Skála á Hótel Sögu í dag. Fundurinn hefst klukkan 17:00. Donnelly fjallar um öryggis- og varnarmál Evrópu nú á þeim óvissutímum sem fylgt hafa í kjölfar innrásar Rússa í Georgíu og vegna aukinna umsvifa þeirra á norðurlöðum – en sumir þykjast að undanförmu hafa greint að nýju napra vinda kalda stríðsins.

• **Börn** Átakið Verndarar barna hefst í dag. Markmiðið er að vekja fulloröna til vitundar um kynferðisofbeldi gegn börnum og að vekja athygli á ábyrgð hinna fullorönu. Blátt áfram ætlað ferðast um landið og halda námskeið í hverju bæjar- og sveitarfélagi til þess að þjálfa hina fullorönu í að fyrirbyggja, greina og bregðast við kynferðisofbeldi.

• **Rofaborg** Í dag mun borgarstjórnin í Reykjavík, Hanna Birna Kristjánsdóttir, opna glæsilega nýja viðbyggingu við leikskólann Rofaborg sem stendur við Skólabe 6 á bak við Árbæjarskóla. Nemendur leikskólans og starfsfólk hafa undirbúið glæsilega opnunaráhitið og börnin munu sýna dansatriði.

• **Sóknarfæri** Háskólinn á Bifröst og Rannsóknasetur verslunarinnar á Bifröst halda ráðstefnu undir yfirskriftinni Nýsköpun og sókn-

arfæri í þjónustu og verslun. Ráðstefnan fer fram á Hótel Nordica Hilton og stendur frá 8.30 til 12.00 í dag. Ráðstefnustjóri er Reynir Kristinsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Capacent. Markmið hennar er að skapa umræðu um mál efni þjónustu- og verslunargreina. Leitast verður við að skilgreina með hvaða hætti nýsköpun eigi sér stað á þessum sviðum.

• **Rafmagn** Kvikmyndin Rafmagnuð Reykjavík verður sýnd í lönó í kvöld og hefst sýningin kl. 22:30. Sýningin er hluti af alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík. Kvikmyndin er sagan af byltingu í tónlist. Raf- og danstónlist niunda og tíunda áratugarins sköpu ekki bara kynslóð, heldur ól hún af sér heila kynslóð tónlistarmanna til viðbótar; senu framúrstefnumanna og jaðargrúskara. Myndin beinir sjónum sínum að þessu fólki, þessari tónlist og þessum tíma.

• **Aðdáun** Í Regnboganum er á sama tíma sýnd kvikmyndin Aðdáun sem fjallar um tengsl okkar hvert við annað, við fjölskyldu okkar og sögu hennar, við tækni og við nútímann. Myndin er verk kanadíska leikstjórans Atom Egoyan. Hann fékk sérstök heiðursverðlaun RIFF árið 2006 fyrir sterka listræna sýn á ferli sem spannar aldarfjórðung og fjölda mynda.



FRAMUNDAN

hringida@24stundir.is



Ræða markaðsstarf á erfiðum tímum Hvatning í kreppu

Markaðssetning í niðursveiflu er yfirskrift hádegisfundar Ímáks – félag markaðsfólks. Fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton Reykjavík - Nordica í dag og hefst kl. 12. Framsögumennirnir, þeir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, og Magnús Loftsson, framkvæmdastjóri Hvíta hússins, ræða hvernig fyrirtæki geti brugðist við breyttum eða erfiðum aðstæðum á markaði.

En er umræða um markaðsstarf ekki líkast brandara, með tilliti til nýjustu fréttar? Jóhannes Ingi Davíðsson, framkvæmdastjóri ÍMÁK, segir svo ekki vera.

„Vissulega eru þeir fjármunir sem fyrirtæki setja í markaðsstarf minni en var, en slíkt er fólki gjarnan hvatning til að sýna hugkvæmni

➤ **Vissulega eru þeir fjármunir sem fyrirtæki setja í markaðsstarf minni en var, en slíkt er fólki gjarnan hvatning til að sýna hugkvæmni og fara nýjar leiðir.**

og fara nýjar leiðir,“ segir Jóhannes.

Bendir hann þar m.a. á að aldrei fleiri hafi lagt leið sína á opið hús í Borgarleikhúsinu og áskriftarsala aðgöngumiða gangi vel, sem haldist í hendur við góða stemningu og jákvæð viðhorf gagnvart leikhúsinu.

sigbogj@simnet.is

Í GEGNUM LINSUNA



24stundir/G.Kristinn

Á skólabekk hjá seðlabankastjóra?

Og nú á ríkið 75% í Glitni

Forstjóri Glitnis, Lárus Welding, situr hér og hlustar á seðlabankastjóra, Davíð Oddsson, tilkynna á blaðamannafundi að ríkið hefði keypt 75 prósentu hlut í Glitni. Hefði það ekki verið gert hefði bankinn orðið gjaldþrota. Innstæður eru tryggar og sögðu forsvarsmenn bankans það fyrir mestu.

Frá aðeins kr. 98.900
Ótrúlegt sértíloboð
– vikufærð með fullu fæði



Gott hótél við stórkostlegan bæ

Hotel Santa Lucia ***
- með fullu fæði
Aðeins 15 herbergi í boði!

Einstakur sumarakú í beinu morgunflugi!

Sikiley


14.-21. október

Heimsferðir bjóða frábært sértíloboð til Sikileyjar í beinu flugi 14. október á yndislegum tíma. Hitinn er um 25-28 gráður og hentar bæði til sólbaða og til skoðunar á þessari stórbrotnu eyju. Dvalið er á Hotel Santa Lucia le Sabbie d'Oro, góðu þriggja stjörnu hóteli, rétt við hinn einstaka bæ Cefalú, um 70 km. frá Palermo. Hótelid býður góðan aðbúnað og fyrir gesti og er fullt fæði innifalið. Cefalú bærinn, sem er einstök perla, var t.d. tókustaður hinnar vinsælu kvikmyndar Cinema Paradiso sem margir þekkja. Sikiley er sannkölluð perla. 2.700 ára menningarsaga, einstök náttúrufegurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverðri matarmenningu og blómlegu mannlífi. Sikiley býður góðar baðstrendur og góða þjónustu við ferðamanninn. Spennandi kynnisferðir í boði (háð lágmarkspáttöku 20 manns).

Frá kr. 98.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli með fullu fæði í viku. Aukagjald fyrir einþýli kr. 29.000.

- Stórkostlegir bæir
- Stórbrotin náttúrufegurð
- Einstök matarmenning
- Ótrúlegar fornminjar
- Baðstrendur
- Góð gisting
- Spannandi kynnisferðir



Bókaðu strax! www.heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

